

Nd.

164. Breytingartillögur

við frv. til laga um sameining Árnassýslu og Rangárvallasýslu.

Frá Gunnari Sigurðssyni og Þorl. Guðmundssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verður 1. gr., svo látandi:
Sýslumannsembættið í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetaembættið á Siglufirði skulu sameinuð á þann hátt, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu gegnir bæjarfógeta- og lögreglustjórastörfum á Siglufirði jafnframt eigin embætti, en kjósendur í Siglufjarðarkaupstað kjósa sjer bæjarstjóra til sex ára í senn, með leynilegri atkvæðagreiðslu, er bæjarstjórn lætur fara fram, og tekur hann þóknun úr bæjarsjóði, eftir ákvæðum bæjarstjórnar. Bæjarstjóri skal vera oddviti bæjarstjórnar. Um kosningu hans setur stjórnarráðið nánari reglur, eftir tillögum bæjarstjórnar.
Greinatalan breytist samkvæmt þessu.
2. Fyrirsögn frv. verði svo:
Frumvarp til laga um sameining embætta.

Greinargerð.

Það er auðsætt, að ofanskráð breytingartillaga hefir allmikinn sparnað í för með sjer, því þegar litil síldveiði er við Siglufjörð, eins og verið hefir 2 undanfarin ár, þá ætti hreppstjóranum í Siglufirði ekki að vera ofvaxið að fara með lögreglustjórn sem umboðsmaður sýslumanns; en þó svo reyndist, að til Siglufjarðar yrði að senda sjerstakan löggæslumann um síldveiditímann, þá mundi það verða landinu mun kostnaðarminna en embættislaun bæjarfógetans. Ef Alþingi þykir tiltækilegt að þessu sinni að taka út úr heild og sameina einstök lögsagnarumdæmi, þá virðist þessi sameining liggja einna beinast við.